

Úrskurður nr. 13/2010.

Kærð var endurákvörðun Tollstjóra um aðflutningsgjöld af hönskum sem sagðir eru til skurðlækninga, svo og öryggis- og rafsuðuhönskum. Kærandi krafðist þess að ákvörðun Tollstjóra yrði felld úr gildi. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda.

I.

Með bréfi, dags. 25. nóvember 2010, kærði A. úrskurð tollstjóra nr. 13/2010 END. Í kærinni segir að ágreiningur fyrirtækisins við Tollstjóra snúist um hvort því hafi verið heimilt að tollflokka öryggishanska, sem fyrirtækið flutti inn í tnr. 6116.1001 en þar falla „öryggishanskar, sem viðurkenndir eru af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994“. Í kærinni er m.a. vísað til bréfs fyrirtækisins til Tollstjóra, dags. 3. september 2010, þar sem rök þess eru reifuð og er þar m.a. að finna andmæli við bréfi Tollstjóra frá 16. ágúst s.á.

Í tilvitnuðu bréfi Tollstjóra var fyrirtækinu tilkynnt að til þess gæti komið að Tollstjóri endurákvæðaði aðflutningsgjöld af neðangreindum sendingum, sem það hafði fengið tollafgreiddar:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur
S ARN 13 02 8 SE VAG J814	13. 02. 2008
S HEG 06 02 8 SE VAG J583	06. 02. 2008
S ARN 09 09 8 SE VAG J875	09. 09. 2008
E DET 30 10 7 SE GOT V593	31. 10. 2007
S HVA 08 10 8 SE VAG J703	08. 10. 2008
S ARN 11 12 7 SE VAG J961	12. 12. 2007
S ARN 28 11 7 SE VAG J547	28. 11. 2007

Ofangreindar sendingar höfðu að geyma margs konar tegundir hanska, sem fyrirtækið ýmist flokkaði í tnr. 4015.1100 sem hanska til skurðlækninga, tnr. 4015.1901 sem öryggishanska úr gúmmí, viðurkenndir af Vinnueftirlitinu skv. reglum 501/1994, tnr. 4203.2901 sem röntgen- eða rafsuðuhanska og loks í tnr. 6116.1001 sem öryggishanska, gegndeyptir og húðaðir eða hjúpaðir plasti eða gúmmí og sem viðurkenndir eru af Vinnueftirlitinu skv. reglum nr. 501/1994. Að auki höfðu sendingar þessar að geyma skó og lampa en ekki er gerður ágreiningur um tollflokkan þeirra.

Meginsjónarmið kæranda er að hann telur sig vera að flytja inn öryggisvörur (persónuhlífar) fyrir iðnaðarmenn frá sænska fyrirtækinu Ejendals. Í vörubæklingi fyrirtækisins, er lagður var fram sem gagn í málinu, sé vísað til þeirra öryggisstaðla, sem varan flokkist í ásamt CE og NE merkingum. Ejendals sé stærsta fyrirtæki Svíþjóðar á sínu sviði og leggur mikinn metnað í þróun og framleiðslu á öryggisvettlingum og öryggisskóm. Í vörubæklingnum sé að finna vottanir samkvæmt evrópskum stöðlum á öllum framleiðsluvörum hins sænska fyrirtækis. Að auki hafi kærandi lagt fram vottun frá evrópskum öryggisyfirvöldum yfir öll vörunúmer á hönskum, sem tollstjóri gerir athugasemdir við, er beri með sér að þeir séu allir vottaðir í CE og EN öryggisstaðla.

Kærandi kveðst hafa leitað eftir viðurkenningu Vinnueftirlitsins á umræddum öryggishönskum eins og tollskráin gerði ráð fyrir en fengið þá þær upplýsingar að Vinnueftirlitinu væri að lögum ekki ætlað að gera úttekt á einstökum vörum og viðurkenna þær. Í þessu efni væri stuðst við lög og reglur Evrópusambandsins um úttektir og vottanir sérstakra skoðunarstofa, sem flokkuðu viðkomandi vöru í tiltekna áhættuflokka, gengju úr skugga um að þær stæðust tiltekna öryggisstaðla og vottuðu þær síðan sem slíkar með svokallaðri CE-merkingu um samræmi.

Til stuðnings tollflokkan sinni á hönskum í tnr. 4015.1100 benti kærandi á að af svokölluðu „produktblad“ frá framleiðanda vörunnar og vottun öryggisyfirvalda mætti vera ljóst að um öryggishanska væri að ræða, flokkaðir samkvæmt CE og EN reglum og nánar flokkaðir í það vinnuumhverfi, sem þeir henta best. Að mati kæranda er hér klárlega um öryggisvöru að ræða, notuð á skurðstofum og matvælavinnslu. Þá bendir hann jafnframt á þá vörn, sem þessir hanskar veita gegn kemiskum efnum.

Í úrskurði sínum um endurákvörðun aðflutningsgjaldanna féllst Tollstjóri ekki á að skilyrði til að flokka hanska úr ofangreindri sendingu sem skurðstofuhanska í tnr. 4015.1100 væru uppfyllt. Tollstjóri bendir á að í myndabæklingi frá framleiðanda vörunnar komi fram að um sé að ræða einnota latexhanska (100 stk. í pakka), samþykktir fyrir notkun innan heilbrigðisgeirans. Að mati Tollstjóra þurfa hanskar, sem tollflokkaðir eru sem hanskar til skurðlækninga, að vera dauðhreinsaðir og að hver hanski sé sérpakkaður í umbúðir sérstaklega til notkunar á sóttthreinsuðum skurðstofum. Umræddir hanskar flokkist því í tnr. 4015.1909 skv. túlkunarreglu nr. 1 og 6 við tollskrá.

Kærandi telur að tollflokkun sín á hönskum úr ofangreindum sendingum í tnr. 4203.2901 sem röntgen- og rafsuðuhanska sé ekki „endilega sú besta“ eins og hann kys að orða það heldur væri réttara að flokka þá í tnr. 6116.1001, sem öryggishanska, gegndreypta, hjúpað gúmmii eða plasti og viðurkenndir af Vinnueftirlitinu skv. reglum nr. 501/1994 en bæði tollnúmerin mæla fyrir um tollfrelsi. Í þessu sambandi vísar kærandi í svokallað „produktblad“ frá framleiðanda vörunnar og í vottun öryggisyrivalda en af þessum gögnum megi ljóst vera að um öryggisvettlinga sé að ræða, sem flokkaðir séu samkvæmt CE og EN reglum og síðan í það vinnuumhverfi, sem þeir henta best. Sumir þeirra hafi þannig sérstaka vörn gegn kemiskum efnun, aðrir til suðuvinnu o.s.frv.

Í úrskurði sínum um endurákvörðun aðflutningsgjaldanna varðandi þá hanska, er kærandi hafði tollflokkað í tnr. 4203.2901 sem röntgen- og rafsuðuhanska, benti Tollstjóri á að ríkistollanefnd hafi með úrskurði sínum nr. 11/2005 kveðið upp úr um hvað teljist vera rafsuðuhanskar. Úrskurðurinn feli í sér að miða skuli við Evrópustaðal EN 407 en samkvæmt honum eru rafsuðuhanskar hitapolnir hanskar, gerðir úr vönduðu rúskinni og CE merktir í áhættuflokk III (mikil áhætta). Einnig benti Tollstjóri á að nafn hanskana bendi ekki sérstaklega til að um rafsuðuhanska (þ.e. welding gloves) hafi verið að ræða því þeir eru t.d. nefndir „leather winter glove“ „leather assembly glove“ eða „microthan assembly glove og leather work glove“. Þá tekur Tollstjóri fram að þó svo að kærandi hafi skipt um skoðun varðandi tollflokkun þessara hanska, sem hafi verið tollflokkaðir sem rafsuðuhanskar við tollafgreiðslu, og telji nú að um sé að ræða vottaða öryggisvettlinga (persónuhlífar), er tollflokka beri í tnr. 6116.1001, geti hann ekki fallist á að umrædda hanska beri að flokka sem öryggishanska. Til þess að svo megi vera þurfi þeir að vera viðurkenndir af Vinnueftirlitinu en engar slíkar viðurkenningar liggja fyrir. Því séu skilyrði ofangreinds tollnúmers ekki heldur uppfyllt og því beri samkvæmt túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá að flokka umrædda hanska í tnr. 4203.2909.

Loks telur kærandi að tollflokkun sín á hönskum úr ofangreindum sendingum í tnr.6116.1001 við tollafgreiðslu á sínum tíma styðjist á sama hátt við upplýsingar úr svokölluðu „produktblad“ framleiðanda og vottanir öryggisyrivalda. Af hvoru tveggja verði ráðið að um öryggisvettlinga sé að ræða, sem flokkaðir eru samkvæmt CE og EN reglum og séu að auki nánar flokkaðir í það vinnuumhverfi, sem þeir henta best. Tollstjóri féllst ekki á þessi sjónarmið kæranda og bendir eins og áður í því sambandi á að til þess að umrædd vara geti flokkast sem öryggishanskar í skilningi nefnds tollnúmers þá verði þeir að vera viðurkenndir af Vinnueftirlitinu. Slík viðurkenning liggja á hinn bóginn ekki fyrir og því beri skv. túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá að flokka hanska þessa eftir atvikum í tnr.6116.9300 ef þeir eru úr syntetískum trefjum eða 6116.9900 séu þeir úr öðrum spunaefnum.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, úrskurðaði Tollstjóri um endurákvörðun aðflutningsgjalda af umræddum sendingum og námu hin vangreiddu gjöld ásamt dráttarvöxtum 2.044.965 kr.

II

Kæra A. ásamt gögnum, sem fyrirtækið hafði aflað sér frá Vinnueftirlitinu eftir að úrskurðurinn féll, var send Tollstjóra til umsagnar með bréfum dags. 6. og 7. desember 2010. Í umsögn Tollstjóra, sem er dags. 6. janúar 2011, segir að upphaf málsins megi rekja til athugunar, sem hann hafi gert á þeim innflytjendum, sem flutt höfðu til landsins vöru, sem tollflokkuð var í tnr. 4015.1901, 4203.2901 og 6116.1001. Í framhaldi af athuguninni endurávarðaði Tollstjóri aðflutningsgjöld vegna sjö sendinga, sem kærandi flutti til landsins á árunum 2007 og 2008. Síðan segir svo í umsögn Tollstjóra:

„Ágreiningur í máli þessu snýr aðallega að því hvort kærandi hafi réttilega tollflokkað ýmsar tegundir hanska í tollskrárnúmer 6116.1001 og 4515.1901 en undir þau tollskrárnúmer falla öryggishanskar sem viðurkenndir eru af Vinnueftirlitinu samkvæmt reglum nr. 501/1994 um

gerð persónuhlífa. Við tollafgreiðslu þeirra vörusendinga sem hér um ræðir lá ekki fyrir slík viðurkenning frá Vinnueftirlitinu.

Í framkomunni yfirlýsingu Vinnueftirlitsins segir að farið hafi verið yfir þær samræmisyfirlýsingar (e. EC Declaration of product conformity) sem liggja fyrir og að þær séu í samræmi við reglur nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa og að stofnunin geri því ekki athugasemdir við þær fyrir sína hönd. Þá er tekið fram að í reglum sé hvergi að finna skilgreiningu á því hvað teljist vera öryggishanskar. Embætti tollstjóra getur ekki fallist á að í þessari yfirlýsingu Vinnueftirlitsins felist viðurkenning á því að hér sé um að ræða öryggishanska.

Athygli er vakin á því að þrátt fyrir að umræddir hanskar séu í samræmi við samræmisyfirlýsingu þá felur það ekki endilega í sér að þeir teljist vera öryggishanskar. Samkvæmt vörulista kæranda, sem embætti tollstjóra fékk afhentan við upphaf málsins, bera allir þeir hanskar sem fyrirtækið hefur flutt til landsins þess merki að vera „hefðbundnir“ vinnuvettlingar en ekki sérstakir öryggishanskar. Hluta af umræddum hönskum tollflokkaði innflytjandi sem röntgen- og rafsuðuhanska í tnr. 4203.2901 en eftir að tollstjóri sendi út tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð vildi innflytjandi breyta tollflokkun á þeim hönskum yfir í tollskrárnúmer 6116.1001, þ.e. sem öryggishanska. Þá tollflokkaði innflytjandi einnota latex hanska (100 stk. í kassa) í tollskrárnúmer 4015.1100 sem hanska til skurðlækninga. Embætti tollstjóra getur ekki fallist á að slíkir hanskar geti talist hanskar til skurðlækninga en til þess að hanskar geti flokkast sem slíkir þurfa þeir að vera dauðhreinsaðir og hvert par af hönskum pakkað sérstaklega.“

Að öðru leyti vísaði Tollstjóri í rökstuðning þann, sem fram kom í tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð hans, dags. 16. ágúst 2010, og úrskurð um endurákvörðun nr. 13/2010 END, dags. 4. október s.á.

III

Ofangreind umsögn Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 6. Janúar. 2011 og svaraði hann með bréfi dags. 25. janúar 2011. Í bréfi sínu getur kærandi þess að megin ágreiningsefnið sé sem fyrr hvort um öryggisvörur og rafsuðuhanska sé að ræða eða ekki. Síðan segir svo í umsögn hans:

„Fyrir liggja samræmisyfirlýsingar viðkomandi yfirvalda þar sem allar vörur sem deilt er um eru flokkaðar í öryggisstaðla. Við verðum að ætla að viðkomandi stofnanir sem hafa þessa flokkun með höndum byrji á að meta í fyrsta lagi hvort um öryggisvöru sé að ræða og þá í öðru lagi í hvaða flokk hún eigi að fara. Það er ómögulegt fyrir viðkomandi stofnun að flokka viðkomandi vöru í öryggisflokk nema um öryggisvörur sé að ræða.

Vinnueftirlitið hefur gefið út staðfestingu á því að allar þessar flokkanir séu í samræmi við reglugerð 501 31. ágúst 1994. A. krefst þess að mark sé tekið á þeirri yfirlýsingu.

[N. N.] fulltrúi Tollstjóra vekur athygli á því að þó erlend samræmisyfirlýsing liggja fyrir þá sé slíkt engin sönnun fyrir því að um öryggisvörur sé að ræða. Þessu mótmælir A og vísar til viðauka við reglugerð 501/1994, en þar er kveðið á um það með hverjum hætti þessi samræmisvottun skuli vera. Hvaða forsendur hefur [NN] til að efast um trúverðugleika og aðferðir þessa EES yfirvalds?

Þá fullyrði [NN] að í vörulista framleiðanda megi glögg sjá að ekki sé um neins konar öryggisvettlinga að ræða. Þessu mótmælir A. og telur að hér sé beinlínis farið með rangt mál og lætur vörulistann fylgja með, þar sem glögg má sjá að allar vörur eru flokkaðar samkvæmt evrópskum öryggisstöðlum. Sérstaklega skal bent á bls. 20-26 þar sem er sundurliðun á viðkomandi flokkum og síðan við hverja vöru, flokkun í viðkomandi áhættuflokk.

Undirritaður vill benda á að á síðari árum hefur orðið mikil þróun og breyting til batnaðar á öryggisvörum til nota í iðnaði. Langflest vinnuslys í iðnaði eru á höndum og fótum og margir framleiðendur hafa þróað þægilegri og liprari vörur og sérhæft margs konar afbrigði til nota við sérhæfð störf. Vegna þessarar þróunar og aukinna þæginda og notagildis hefur notkun einnig aukist og slysum fækkað. Það er því mjög í anda vinnuverndar að skattleggja ekki öryggisvörur úr hófi og draga þannig úr notkun þeirra.

Mér er ljóst eftir samtöl við suma fulltrúa Tollstjóra að þar á bæ vilja menn eingöngu flokka þykka fóðraða rafsuðuvettlinga í tollflokk 4203.2901 og annað ekki. Ég vil benda á að í málmíðnaði í dag er mun meira notað af þynnri og þjállí leðurhönskum í suðuvinnu en þessum gömlu þykku og fóðruðu. Oft eru þessi hanskar úr blönduðum efnum leðri og taui og

ætlaðir til þessara starfa. Að sjálfsgöðu nota menn þetta til verndar sem suðuhanska. A. mótmælir þessari þröngu skilgreiningu Tollstjóra á því hvað eru suðuhanskar enda skilgreinir tollnúmerið (4203.2901) ekki nákvæmlega gerð vörunnar heldur einungis að um röntgen eða rafsuðuhanska sé að ræða og vísar ekki í neinar aðrar reglugerðir. A. telur að þeir vettlingar sem íslenskir málmíðnaðarmenn nota sem rafsuðuvettlinga, falli undir þennan flokk svo fremi þeir séu úr leðri eða samsettu leðri og eins og tollflokkur kveður á um.

Ég vil einnig benda á að langmesta aukning í notkun vinnuhanska hefur verið á svokölluðum „einnota hönskum“ þ.e. gúmmihanskar úr nitrin- eða latexgúmmíi. Þeir eru einkum notaðir við vinnu við kemisk efni, olíur o.þ.h. ásamt matvælavinnslu. Það dylst engum að slík efni geta verið ertandi og hættuleg við snertingu. Við höfum flokkað þessa vettlinga sem öryggishanska, evrópsk yfirvöld flokkað þá í hæsta öryggisflokk (cat. 3), Vinnueftirlitið staðfest þá flokkun en Tollstjóri telur augljóst að hér sé ekki um öryggisvörur að ræða. Er eitthvert vit í þessu?

Hvað með hanska sem bílasprautarar nota í acetón og önnur uppleysiefni í þeirra vinnu. Samkvæmt úrskurði tollstjóra eru það ekki öryggishanskar, ég spyr þá fyrir hvaða vörur eru þessi tollanúmer ætluð, þ.e. 6116.1001 og 4015.1901 ef hanskar til að vinna við þessi efni eru ekki öryggishanskar?

Það er með öllu óásættanlegt að allur vöruelistinn sé flokkaður sem almennir vettlingar en ekkert af þeim sem öryggisvettlingar.

Þá skal vakin athygli á því að skv. reglugerð 501/31. ágúst 1994, Viðauka I að þar er tekið á því hvað sé öryggisvara eða persónuhlíf. Varðandi vinnufatnað t.d. vettlinga segir í fyrrgreindum viðauka að persónuhlífar skuli vera til hlífðar gegn: stungu, skurði, titringi, efnaáhrifum, varmaáhrifum, hvössum brúnum, rafsuðu, vinnu með sýrur og ætandi efni, gegn kulda til endurskins o.fl.

Að lokum, þessar erlendu samræmisyfirlýsingar frá þar til gerðum yfirvöldum ásamt Vinnueftirlitinu eru fagaðilar til að meta og flokka þessar vörur í öryggisstaðla og það hafa þær gert. Tollstjóri er ekki fagaðili á því sviði.

Á það skal bent að samkvæmt V. kafla reglugerðar 501/1994, fyrsta málsgrein stendur eftirfarandi:

„Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir þá aðila sem taka að sér gerðarprófanir samkvæmt ákvæðum þessara reglna og eru á skrá hjá stjórnvöldum aðildarríkja innan EES“

Undirritaður fær því ekki annað séð en að samkvæmt reglum þessum þá séu þessar samræmisyfirlýsingar erlendra yfirvalda fullnægjandi vottun þess að um öryggisvörur samkvæmt reglugerðinni sé að ræða þar sem Vinnueftirlitið hefur með þessari grein fyrirfram viðurkennt viðkomandi stofnun EES ríkis sem fullnægjandi úttekt og vottun. Þetta vil ég benda á einkum vegna þess að Vinnueftirlitið er afar tregt til að framkvæma þær vottanir sem tollskráin leggur þeim á herðar og segja að í lögum um stofnunina sé það ekki í þeirra verkahring að framkvæma slíkar úttektir. Þeir vísa einkum til ofangreinds ákvæðis að viðurkenndir aðilar sem taki að sér gerðarprófanir njóti fyrirfram viðurkenningar.

Það hlýtur að vera krafa okkar í A. að Tollstjóri og Vinnueftirlitið komi sér saman um verklag til að vinna þessa hluti. Það er með öllu óásættanlegt að A. líði fyrir þá kergju sem greinilega er á milli þessara stofnana. Það er mjög fátjánlegt að Tollstjóri krefjist vottorða af Vinnueftirlitinu sem það svo neitar að gefa út vegna þess að í lögum um stofnunina sé slíkt ekki í þeirra verkahring. (Með erfiðismunum tókst þó að fá þetta að lokum).

Rétt er að geta þess vegna ummæla [NN] að vottun Vinnueftirlitsins hafi ekki legið fyrir við tollafgreiðslu umræddra sendinga að þessar samræmisyfirlýsingar hafa ávallt legið fyrir hjá A. og voru afhentar Tollstjóra strax og um vottun Vinnueftirlitsins var beðið.

En það er skilningur A. að skv. V. kafla reglugerðar 501/1994 að Vinnueftirlitið hafi fyrirfram samþykkt vottanir af þessu tagi og Tollstjóri verði að fallast á þá vinnutilhögun Vinnueftirlitsins, sérstaklega í ljósi þess að samvinna þessara stofnana er algerlega ófullnægjandi.

Það er alveg skýr krafa okkar í A. að yfirlýsingu Vinnueftirlitsins verði fylgt í þessu máli. Einnig minnum við á fyrrgreint ákvæði í reglugerð 501/1994 að þeir sem taki að sér gerðarprófanir innan EES séu sjálfkrafa viðurkenndir af Vinnueftirlitinu. Við teljum því engin rök í málinu að hafa að engu yfirlýsingu Vinnueftirlits ásamt samræmisvottunum.“

Að lokum getur kærandi þess að hann hafi flokkað viðkomandi vörur rétt sem öryggisvörur og rafsúðuhanska samkvæmt reglugerðum og lögum þar um.

IV

Í máli þessu er deilt um hvort tilteknir öryggishanskar, sem kærandi flutti inn á árunum 2007 og 2008 uppfylli skilyrði til að flokkast eftir atvikum í tnr. 4015.1100, 4015.1901 eða tnr. 6116.1001. Svo sem að framan hefur verið rakið eru þau skilyrði sett í tollskrá fyrir því að öryggishanskar flokkist í tvö síðarnefndu tollnúmerin að Vinnueftirlitið hafi viðurkennt þá samkvæmt reglum nr. 501 31. ágúst 1994. Fyrir liggur jafnframt að afstaða embættis Tollstjóra mótast fyrst og fremst af því að formleg viðurkenning liggja ekki fyrir af hálfu Vinnueftirlitsins og því séu lagaskilyrðin til að flokka öryggishanska í ofangreind tollskrárnúmer ekki fyrir hendi.

Samkvæmt 14. tl. 6. gr. áðurgildandi tollalaga nr. 55/1987 var fjármálaráðherra heimilt að samræma tolla af vörum til lækkunar eða hækkunar ef sams konar eða svipaðar vörur báru ekki sama toll. Í 1. mgr. 143. gr. sömu laga var ráðherra jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar hann beitti umræddri heimild í 6. gr. laganna til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru. Skv. 5. mgr. 143. gr. laganna skyldu breytingar samkvæmt ákvæðum hennar birtar í A-deild stjórnartíðinda. Á grundvelli þessara heimilda gaf fjármálaráðuneytið út hinn 6. júní 1995 auglýsingu nr. 82/1995 um breytingu á viðauka I við þágildandi tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. gr. hennar var mælt fyrir um svofellda breytingu á 40. kafla tollskrárinnar:

„A-tollur á hönskum til skurðlækninga í tollskrárnúmeri 4015.1100 er hér með samræmdur við toll á áhöldum og tækjum til lækninga í tollskrárnúmeri 9018.3200 og verður því 0%“

Breyting þessi öðlaðist gildi hinn 1. júlí 1995.

Hinn 26. september 1995 gaf fjármálaráðuneytið á grundvelli sömu heimilda í þágildandi tollalögum einnig út auglýsingu nr. 106/1995 um breytingu á viðauka I við þágildandi tollalög. Í 4. lið hennar er mælt fyrir um þá breytingu á 40. kafla tollskrárinnar að undirliður 4015.19 skyldi skiptast upp í tvö tollskrárnúmer, 4015.1901 og 4015.1909, og skyldi texti þeirra og tolltaxtar vera sem hér segir:

4015.190--Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501	
31. ágúst 1994	A - 0% E - 0%
4015.1909 Annars	A - 15% E - 0%

Þá var í 6. lið ofangreindrar auglýsingar nr. 106/1995 mælt fyrir um breytingar á 61. kafla tollskrárinnar í þá veru að undirliður 6116.10 skyldi skiptast upp í tvö tollskrárnúmer, 6116.1001 og 6116.1009, og að texti og tolltaxtar yrðu, sem hér segir:

Hanskar, gegndreyptir, húðaðir eða hjúpaðir með plasti og gúmmí:

6116.1001 --Öryggishanskar, viðurkenndir af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt reglum nr. 501	
31. ágúst 1994	A - 0% E - 0%
6116.1009 --Annars	A - 15% E - 0%

Ofangreind auglýsing nr. 106/1995 tók þegar gildi. Af gögnum, sem aflað hefur verið frá fjármálaráðuneytinu, verður ráðið að tilurð breytinga þessara hafi verið beiðni tiltekinn innflytjanda á árinu 1995 um að ráðuneytið beitti sér fyrir því að nýr tollflokkur yrði tekinn upp fyrir öryggishanska, sem hann flutti inn. Erindið var á sínum tíma sent Ríkistollstjóra til umsagnar, en á þessum tíma fór það embætti með eftirlit með tollstjórum og gætti að samræmi í störfum þeirra og ákvörðunum. Í umsögn embættisins, dags. 14. ágúst 1995, er gerð nánari grein fyrir eðli og eiginleikum umræddra hanska og tollflokkan skv. þágildandi tollskrá. Þá var þess getið að í vörulýsingu um umrædda hanska finnst hvorki upplýsingar um efnisþyngd né þyngdarhlutfall milli gúmmís og spunaefna. Jafnframt sagði svo orðrétt í umsögninni:

„Hins vegar fylgja staðfestar yfirlýsingar framleiðanda um að þráðurinn sé í samræmi við tilskipun 89/686/EEC um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar. Nauðsynlegt er að upplýsingar um greind atriði varðandi þyngd og þyngdarhlutfall liggja fyrir vegna tollflokkan umræddrar vöru.“

Liklegt er að ráðuneytið telji nauðsynlegt að skipta greindum tollskrárnúmerum og væntanlega fleiri, vegna sérstakrar tollmeðferðar öryggishanska. Neðangreindar tillögur eru um skiptingu þeirra tollskrárnúmera, sem embættið telur eiga við vörulýsingar í meðfylgjandi gögnum.“

Af fyrirliggjandi gögnum verður berlega ráðið að fjármálaráðuneytið hafi fallist á tillögur Ríkisstjóra í þessu efni og gert þær að sínum, sbr. ofangreind auglýsing nr. 106/1995, enda er hún í fullkomnu samræmi við tillögu hans.

Í hinum nýju tollskrárnúmerum samkvæmt auglýsingunni er gert ráð fyrir að í þau falli öryggishanskar, sem viðurkenndir eru af Vinnueftirliti ríkisins skv. reglum nr. 501/31. ágúst 1994. Um er að ræða reglur um gerð persónuhlífa, settar af stjórn Vinnueftirlitsins og staðfestar af ráðherra í samræmi við þágildandi ákvæði 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt 1. tl. 1. gr. reglna nr. 501/1994 gilda þær um persónuhlífar, sem settar eru á markað og ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum, sem lög nr. 46/1980 gilda um. Í 2. tl. 1. gr. er kveðið á um skilyrði fyrir markaðssetningu persónuhlífa innan Evrópska efnahagssvæðisins svo og grunnkröfur um öryggi, sem þær verða að uppfylla, til að tryggja heilsuvernd og öryggi notenda. Persónuhlíf samkvæmt reglunum telst hvers konar búnaður eða tæki, sem einstaklingar klæðast eða halda á sér til verndar gegn hættu eða hættum er ógna heilsu eða öryggi, sbr. 1. tl. 2. gr.

Ofangreindar reglur eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tl. XXII. kafla, II. viðauka í tilskipun nr. 89/686/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar. II. kafli tilskipunarinnar fjallar um vottunarreglur. Í 2. tl. 8. gr. segir að áður en raðframléiðsla persónuhlífa, m.a. af því tagi, sem hér um ræðir, hefst skal framléiðandi eða umboðsmaður hans, sem hefur staðfestu í bandalaginu, afhenda eintak til EB-gerðarprófunar eins og um getur í 10. gr. Í III. kafla tilskipunarinnar er fjallað um svokölluð EB-merki. Samkvæmt 1. tl. 13. gr. hennar eru í merkinu stafirnir „CE“ og kenninúmer aðila, sem tilkynnt hefur verið um, hafi hann prófað viðkomandi gerð eins og greint er frá í 10. gr. Samkvæmt 2. tl. 13. gr. skal merkja hverja persónuhlíf og umbúðir hennar EB-merkinu á greinilegan og læsilegan hátt svo það verði ekki afmáð á þeim tíma, er ætla má að persónuhlífin verði í notkun.

Samkvæmt 2. tl. 5. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin líta svo á að persónuhlíf af þessu tagi uppfylli grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi, sem tilgreind er í II. viðauka tilskipunarinnar, ef hún er merkt EB-merkinu og framléiðandinn getur framvísað bæði yfirlýsingu, sem um getur í 12. gr. og vottorði gefnu út af aðila, sem tilkynnt hefur verið um í samræmi við 9. gr., sem staðfestir að persónuhlífin sé í samræmi við samhæfða staðla og að hún hafi verið skoðuð eins og mælt er fyrir um í a. og b. lið 4. tl. 10. gr.

Eins og að framan er rakið eru reglur nr. 501/1994 settar með hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið og ofangreinda tilskipun nr. 89/686 um samræmingu laga ríkjanna um persónuhlífar. Í samræmi við það eru ofangreind fyrirmæli tilskipunarinnar ítrekuð í reglunum. Þannig er í 7. gr. þeirra mælt fyrir um að áður en persónuhlíf sé sett á markað skuli framléiðandi eða umboðsmaður hans innan EES taka saman nánar tilgreind tæknileg gögn um vöruna og getur Vinnueftirlit krafist þess að þessi gögn verði lögð fram. III. kafli reglnanna fjallar um EB-yfirlýsingu um samræmi og CE-merki. Í 10. gr. er áréttað að EB- samræmisyfirlýsingin sé það ferli, sem framléiðandi eða fulltrúi hans innan EES útbýr fyrir hverja gerð persónuhlífar og vottar að persónuhlífar, sem hann setur á markað, séu í samræmi við ákvæði reglnanna. Þá er lagt fyrir framléiðandann að merkja hverja persónuhlíf með „CE“ –merki um samræmi. Í IV. kafla reglnanna er fjallað um EB-gerðarprófun. Þar er m.a. mælt fyrir um að Vinnueftirlitið skuli viðurkenna þá aðila, sem taka að sér gerðarprófanir samkvæmt reglunum, og eru á skrá hjá stjórnvöldum aðildarríkja innan EES. Þá er í kaflanum mælt fyrir um gerðarprófanir og prófunarvottorð skoðunaraðila o.þ.h. Loks er í VII. kafla reglnanna mælt fyrir um eftirlit Vinnueftirlitsins með framkvæmd reglnanna að öðru leyti og getur það í því sambandi m.a. kallað eftir gögnum á borð við að samræmisyfirlýsingar séu lagðar fram.

Rétt þykir að geta þess í þessu samhengi að með bréfi til Tollstjóraembættisins, dags. 16. nóvember 2001, fóru Löggildingarstofa og Vinnueftirlitið þess á leit að tiltekna textabreytingar, er tengdust skilgreiningum á persónuhlífum, yrðu gerðar á tollskrá. Tillögur þessar voru sagðar taka mið af markaðseftirliti með persónuhlífum en Vinnueftirlitið hefur eins og áður hefur verið vikið að eftirlit með persónuhlífum til nota í atvinnu. Löggildingarstofa sinnir á hinn bóginn sambærilegu eftirliti með

persónuhlífum til einkanota. Í bréfinu var vakin athygli á því að orðið persónuhlíf kæmi hvergi fyrir í þágildandi tollskrá. Hugtakið væri á hinn bóginn skilgreint nákvæmlega í reglum nr. 501/1994. Stofnanirnar töldu mikilvægt að hugtakið persónuhlíf yrði tekið upp í tollskrá í tengslum við upplýsingar eða lýsingu á hvers konar búnaði eða tæki, sem einstaklingar klæðast eða halda á, sér til verndar gegn hættu eða hættum er ógna heilsu eða öryggi þeirra. Slíkt myndi stuðla að samhæfingu innan skrárinnar samhliða því sem leit í skránni yrði auðveldari.

Ríkistollanefnd hefur í tengslum við úrlausn þessa máls aflað upplýsinga frá Vinnueftirlitinu og átti m.a. fund með forsvarsmanni lögfræðideildar stofnunarinnar og fagstjóra þróunar- og eftirlitsdeildar hennar. M.a. var aflað upplýsinga um grunnkröfur vegna markaðssetningar persónuhlífa, sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum. Í minnisblaði stofnunarinnar um þetta efni er bent á að í kjölfar gildistöku reglan nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa hafi eftirlit með þeim breyst á þann hátt að ekki hafi lengur þurft að leita eftir viðurkenningu Vinnueftirlitsins á viðkomandi búnaði. Hlutverk stofnunarinnar hafi breyst í að hafa eftirlit með vörunni á markaði og kanna hvort framleiðendur og/eða innflytjendur uppfylli þær skyldur, sem á þeim hvíla samkvæmt reglunum þannig að varan uppfylli gerðar kröfur. Þá gerir stofnunin jafnframt nánari grein fyrir áður nefndu CE-merki um samræmi (þ.e. staðfesting á að varan uppfylli þær grunnkröfur um heilsu og öryggi eins og þeim er lýst í reglum nr. 501/1994). Að auki er gerð grein fyrir EB-yfirlýsingu um samræmi (þ.e. vottun framleiðanda á að viðkomandi persónuhlíf sé í samræmi við reglur nr.501/1994). Þá er gerð svofelld grein fyrir skiptingu persónuhlífa í flokka:

*„**Flokkur 1** (einfaldar persónuhlífar). Í þennan flokk falla persónuhlífar, þar sem gengið er út frá því að notandinn geti metið þá vernd sem hlífin veitir gegn minniháttar hættum og gerir sér örugglega grein fyrir því tímanlega. T.d. uppþvottahanskar og regnfatnaður.*

***Flokkur 2** (hvorki einfaldar né flóknar persónuhlífar). Í þennan flokk falla flestar persónuhlífar. T.d. hjálmar, heyrnahlífar og öryggisskór, hlífðarhanskar fyrir málmsuðumenn (rafsuðuhanskar).*

***Flokkur 3** (flóknar persónuhlífar). Þessar persónuhlífar eru ætlaðar sem vernd gegn lífshættu eða alvarlegri, varanlegri hættu þar sem notandinn getur ekki gert sér grein fyrir hættunni í tíma. T.d. öndunarfarahlífar með síu, fallvarnarbúnaður og persónuhlífar, m.a. hlífðarhanskar fyrir rafmagnsvinnu og til að verjast miklum hita (yfir 100°)“*

Loks er í minnisblaðinu gerð grein fyrir því að búnaður í flokki 1 (Cat I) og í flokki 2 (Cat II) skuli bera CE-merkið. Búnað í flokki 3 (Cat III) skal einnig merkja með kenninúmeri samþykks aðila (prófunarstofu) auk tákmyndar til merkis um hve mikla vernd búnaðurinn veitir.

Í málinu liggur fyrir sú óhrekjanlega ábending Vinnueftirlitsins að hvorki í lögum né reglum um stofnunin sé mælt fyrir um að hún skuli viðurkenna persónuhlífar og því séu fyrir mæli í umræddum auglýsingum nr. 82 og 106/1995 á misskilningi byggð um hlutverk stofnunarinnar. Á hinn bóginn hafi hún að ósk kæranda farið yfir þær samræmisýfirlýsingar, sem gefnar hafa verið út vegna þeirra hanska, sem til umfjöllunar eru í þessu máli, og lýst því yfir að hún geri engar athugasemdir við þær. Stofnunin vekur hins vegar athygli á því að hvergi í reglunum sé að finna skilgreiningu á því hvað teljist til öryggishanska.

Forsendur og gögn, sem bjuggu að baki ákvörðun fjármálaráðherra á sínum tíma um lækun tolla af skurðstofuhönskum og öryggishönskum, m.a. með því að taka upp ný tollskrárnúmer þykja að mati ríkistollanefndar eindregið benda til þess að sú hugsun hafi búið að baki ákvörðuninni að svara a.m.k. kröfum um tollfrelsi hanska, sem sannanlega væru ætlaðir til verndar gegn lífshættu eða alvarlegri hættu, sem notandi geti ekki gert sér grein fyrir í tíma. Sú staðreynd að Vinnueftirlitið með vísan til laga um stofnunina og með hliðsjón af reglum 501/1994 viðurkenni ekki sérstaklega persónuhlífar heldur sé í staðinn stuðst við skoðunar- og vottunarkerfi í samræmi við ákvæði regnanna og tilskipanir ESB hér að lútandi þykir eins og mál þetta er vaxið ekki geta girt fyrir að umrætt tollskrárnúmer verði virkt vegna áskilnaðar um sérstaka viðurkenningu Vinnueftirlitsins. Einboðið er að mati ríkistollanefndar að við túlkun umræddra tollskrárnúmera verði að leggja til grundvallar þær forsendur og ástæður, sem samkvæmt gögnum málsins lágu óumdeilanlega að baki ákvörðun

fjármálaráðuneytisins samkvæmt auglýsingum nr. 82 og 106/1995 um breyting á viðauka I við tollalög. Ríkistollanefnd telur að yfirgnæfandi líkur séu á því að tollyfirvöld hafi ekki að fullu áttað sig á hlutverki Vinnueftirlitsins í þessum efnum og hafi á sínum tíma því ekki tekið nauðsynlegt tillit til þess þegar gengið var frá texta auglýsinganna að þessu leyti. Þá er rétt að hafa í huga í þessu sambandi að Vinnueftirlit heyrði á þessum tíma undir félagsmálaráðuneytið og því gat fjármálaráðuneytið ekki svo bindandi væri falið Vinnuálastofnun tiltekið hlutverk við tollframkvæmd.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og með hliðsjón af úrskurði ríkistollanefndar nr. 11/2005, telur ríkistollanefnd eðlilegt að líta svo á að vottanir viðurkenndra vottunarstofa í samræmi við reglur 501/1994, sem fyrir liggur að Vinnueftirlitið hefur ekki gert neinar athugasemdir við, um að hanskar, er falli í flokk 3 (Cat III) og beri viðeigandi CE-merki, auk númers skoðunarstofu og viðeigandi táknmyndir, jafngildi viðurkenningu af hálfu Vinnueftirlitsins í skilningi tollskrár.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu þá ber að flokka þá hanska, sem falla í flokk 3 (Cat III) með viðeigandi CE-merkingu, númeri skoðunarstofu og viðeigandi táknmynd, í tnr. 4015.1901 sé um hanska úr vúlkaníseruðu gúmmíi að ræða, þó ekki harðgúmmíi, og í tnr. 6116.1001 sé um hanska, belgvettlinga og vettlinga, þrjónaða eða heklaða, sem gegndreyptir eru og húðaðir eða hjúpaðir plasti eða gúmmíi. Þá þykir bæði vegna skorts á leiðbeiningum eða skýrari viðmiðunum af hálfu tollyfirvalda og þar með óvissu um hvernig tollflokka beri öryggishanska svo og með hliðsjón af því hvernig þetta mál er vaxið að öðru leyti ekki rétt að endurákvæða gjöld af hönskum úr sendingum þeim, sem um ræðir í máli þessu, og ágreiningur var um tollflokkan á. Er ákvörðun Tollstjóra þar að lútandi því felld úr gildi.

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hanskar, sem falla í flokk 3 (Cat III) með viðeigandi CE-merkingu, númeri skoðunarstofu og viðeigandi táknmynd falli í tnr. 4015.1901 sé um hanska úr vúlkaníseruðu gúmmíi að ræða, þó ekki harðgúmmíi. Belgvettlingar og vettlingar, þrjónaðir eða heklaðir, sem gegndreyptir eru og húðaðir eða hjúpaðir plasti eða gúmmíi, og sem falla í flokk 3 (Cat III) með viðeigandi CE-merkingu, númeri skoðunarstofu og viðeigandi táknmynd falla í tnr. 6116.1001. Endurákvörðun gjalda af öðrum hönskum, úr sendingum þeim, sem um ræðir í þessu máli, og ágreiningur var um tollflokkan á er felld úr gildi. Með vísan til framanritaðs er úrskurður tollstjóra nr. 13/2010 END felldur úr gildi.